

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 398. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 5. febrúar 2026 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Hollvínafélag Pakkhússins. Jenný Guðmundsdóttir mætir á fundinn og fylgir erindinu eftir.
- 2) Ungmennaráð Snæfellsbæjar.
- 3) Ingveldur Eyþórsdóttir, forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, mætir á fundinn.
- 4) Frístundasvæði á Hellissandi. Gunnþóra Guðmundsdóttir mætir á fundinn.
- 5) Fundargerð 363. fundar bæjarráðs, dags. 21. janúar 2026.
- 6) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 19. janúar 2026.
- 7) Fundargerð menningarnefndar, dags. 3. febrúar 2026.
- 8) Fundargerð stýrihóps um gerð nýrrar menntastefnu, dags. 12. janúar 2026.
- 9) Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 26. nóvember, 5. og 6. desember 2025 og 28. janúar 2026.
- 10) Fundargerð 152. fundar hafnarstjórnar, dags. 31. janúar 2026.
- 11) Fundargerð 32. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 27. janúar 2026.
- 12) Fundargerð 239. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 12. desember 2025.
- 13) Fundargerð 476., 477. og 478. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. október, 18. nóvember og 3. desember 2025.
- 14) Fundargerð 479. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. janúar 2026.
- 15) Fundargerð 992. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. janúar 2026.
- 16) Fundargerð 88. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 21. janúar 2026.
- 17) Bréf frá Atlantsflugi ehf., dags. 2. febrúar 2026, varðandi hvatningu til umsagnar um þingsályktunartillögu um staðsetningu þyrlu Landhelgisgæslunnar.
- 18) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ. 3. febrúar 2026
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Ólafsvík 30. janúar 2026

Efni: Ósk um samstarf Snæfellsbæjar og Hollvínafélags Pakkhússins Ólafsvík vegna sýningarhalds og menningarstarfs

Til þess er málið varðar

Hollvínafélag Pakkhússins Ólafsvík vinnur að undirbúningi sýningarinnar „Sýning um verslunarsögu Ólafsvíkur“, sem fyrirhuguð er á árinu 2026. Markmið verkefnisins er að miðla sögu verslunar og atvinnulífs í Ólafsvík og efla menningarstarf, fræðslu og upplifun bæði íbúa og ferðamanna. Markmið félagsins er að efla menningar- og mannlíf í Pakkhúsinu seer mikilvægur þáttur í sjálfsmynd Ólafsvíkur.

Með fyrirhugaðri sýningu skapast tækifæri til að færa aukið líf og notkun í Pakkhúsið sem hefur verið í lágmarki að undanfögnu.

Verkefnið hefur hlotið styrk að upphæð kr. 500.000 úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Af því tilefni leitar Hollvínafélagið eftir samstarfi og stuðningi Snæfellsbæjar við framkvæmd sýningarinnar.

Óskað er eftir eftirfarandi stuðningi sveitarfélagsins:

1. Afnotum af Pakkhúsinu í Ólafsvík til sýningarhalds á tímabilinu 1. apríl til 1. Október 2026.
2. Stuðningi við ráðningu starfsmanns í 50% starfshlutfall, sem annist helstu dagleg verkefni tengd sýningunni, svo sem þríf, upplýsingagjöf til ferðamanna, kaffiveitingar og almennt eftirlit.
3. Aðkomu vinnuskólans að yfirsetu á sýningunni eftir því sem unnt er.
4. Fjárstuðningi Snæfellsbæjar, til móts við veittan styrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands, sem stuðningi við uppsetningu og rekstur sýningarinnar.

Hollvínafélag Pakkhússins telur verkefnið falla vel að markmiðum Snæfellsbæjar um eflingu menningar, varðveislu staðbundinnar sögu og jákvæða upplifun gesta. Félagið lýsir sig reiðubúið til frekara samtals og kynningar á verkefninu ef óskað er.

Virðingarfyllt,

Hollvínafélag Pakkhússins Ólafsvík


Borgarnes, 30. Janúar 2026

Efni: Staðfesting á styrkveitingu

Ágæti viðtakandi

Hér með er staðfest að Hollvínafélag Pakkhússins Ólafsvík hefur hlotið styrk að upphæð kr. 500.000 úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands vegna verkefnisins „Sýning um verslunarsögu Ólafsvíkur“.

Styrkurinn er veittur fyrir starfsárið 2026 og er ætlað að styðja við undirbúning og framkvæmd verkefnisins í samræmi við markmið sjóðsins um eflingu menningar- og samfélagslegra verkefna á Vesturlandi.



Sigursteinn Sigurðsson

Sviðstjóri menningar- og velferðarsviðs
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

363. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 21. janúar 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:


Júníana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:


- 1) **Umsóknir um leyfi til hundahalds:**
 - a) **Birgitta Rún Baldursdóttir sækir um að fá að halda hundinn Ríó**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
 - b) **Eygló Anna Þorkelsdóttir sækir um að fá að halda hundinn Mollý**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 2) **Bréf frá UMF Víkingi, ódags., varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst þann 7. mars n.k.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða, enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu í félagsheimilunum bæjarins.
- 3) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 30. desember 2025, varðandi tilkynningu um afturköllun á fyrirhugaðri niðurfellingu Brimilsvallavegar af vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 7. janúar 2026, varðandi skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri sagði frá því að kerfið sem tekið var upp nú um áramótin um verklegar framkvæmdir er að koma vel út.
 - b) Bærarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2025.
 - c) Bæjarráð samþykkti að fela bærarstjóra að senda skriflega fyrirspurn til HVE um stöðu auglýsingar varðandi yfirlækni við heilsugæslustöðvarnar í Ólafsvík og í Grundarfirði. Jafnframt fól bæjarráð bærarstjóra að óska eftir fjárfundi með yfirmönnum HVE sem allra fyrst.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:38



Júníana Björg Óttarsdóttir

FS
BHT


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari



Fræðslunefndarfundur

19. janúar 2026

Mæting: Sigrún Erla Sveinsdóttir, Margrét Sif Sævarsdóttir, Tinna Ýr Gunnarsdóttir, Orri Magnússon, V.Lilja Stefánsdóttir, Kristín Helga Guðjónsdóttir, Valentina Kay, Hermína Kristín Lárusdóttir, Þórey Úlfarsdóttir og Linda Rut Svansdóttir.

Fundurinn var haldinn á leikskólanum Krílakoti og þökkum við þeim kærlega fyrir að taka á móti okkur.

Grunnskólinn:

Framundan er innleiðing Matferilsins sem er annars vegar lesfímipróf sem verða lögð fyrir í janúar og er hluti af reglulegu mati á lestrarfærni og hins vegar stöðu- og framvindupróf í stærðfræði og lesskilningi sem verða lögð fyrir 4. -10. bekk í mars en skylda er að leggja þau fyrir 4., 6. og 9. bekk. Prófin sýna fram á stöðu hvers nemanda og hvernig námi hans vindur fram og stöðu hópsins miðað við jafnaldra á landsvísu.

Matsferillinn er leiðbeinandi próf í lesskilning og stærðfræði. Þetta er notað til að taka stöðuna á nemendum í skólanum og einnig er hægt að sjá hvernig þau standa miða við landið.

Skólastjórinn hefur verið að vinna í gagnagrunni sem heitir nemendagrunnur. Þetta virkar þannig að foreldrar skrá bornin sín í skólann í 1.bekk eða þegar þau byrja skólagöngu og þetta verður gert í gegnum island.is

Á næstunni: Þemadagar verða 17. -19. mars, þeim lýkur með opnu húsi líkt og var fyrir tveimur árum. Ætlunin er að vera með söluvarning og mun ágóðnn fara í verðugt málefni sem nemendur velja (Góðgerð).

Sérfræðiþjónustan: Verkefnastjóri stoðþjóðnustu, sérkennarar, þroskaþjálfar, Dalur (námsver) í starfstöðinni í Ólafsvík, námsráðgjafi.

Sérfræðiþjónusta fyrir starfsfólk: Vinnuvernd

Nemendaverndararáð hittist 2x á önn

Lausnarleitfundir eru haldnir einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði.

Tveir þroskaþjálfar á vegum grunnskólans eru í farsældarteyminu

Gott samstarf milli grunnskólans og FSN og hafa verið viðburðir fyrir nemendur hjá framhaldsskólanum

Drög af liggja fyrir til samþykktar.

Skólastjórinn stefnir á að byrja að starfsmannaviðtölum á næstu dögum.

Tónlistarskólinn:

76 nemendur við skólann og biðlisti

Tónfundir í febrúar 9.-12. Febrúar

Vorpróf í apríl

Tónleikar í maí

Matskvarðinn á vorinn: Ágætt, mjög gott, gott, allgott og viðunandi.

Jenni er með hljómsveit í Ólafsvík og á Lýsuhól

18. apríl uppskeruhátíð á patreksfirði.

Leikskólinn:

Starfsþróunaráætlun tilbúin og er notuð til að styðja m.a. við námskeið starfsfólks.

Næst á dagskrá að koma inn skyndihjálparnámskeiði

Sérfræðiþjónusta: Linda og Þorkatla sérkennslustjórar, sálfræðingur 1x í mánuði, talmeinafræðingur 2x í mánuði.

Sérfræðiþjónusta fyrir starfsfólk: ekki mikið í boði

Áhyggjuefni starfsfólks er tungumálið og ímyndunarafl nemenda. Það eru miklar breytingar á þessu.

Lausnarleitarteymi 2x í mánuði

Það stendur til að setja á nemendaverndararáð fyrir leikskólann

Farsældin gengur vel – getur verið krefjandi að benda og beina fólki á næsta úrræði.

Drög að skóladagatali

Vinnan við gæðaviðmið í fullum gangi

Komnir tveir foreldrar í foreldraráð


Skólanámskrá lögð fyrir og samþykkt

Annað:

Það er kominn stýrihópur fyrir menntastefnuna og búið er að skipuleggja 7 fundi fram að vori.

Fundargerðir stýrihóps

Fundur nr. 1 mánudaginn 12. janúar kl. 8-9 fjarfundur á Teams

- Mætt voru:
 - Sigrún Erla Sveinsdóttir, fræðslunefnd
 - Margrét Sif Sævarsdóttir, fræðslunefnd
 - Vilborg Lilja Stefánsdóttir, skólastjóri grunnskólans
 - Guðni Eiríkur Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri grunnskólans
 - Rósa Erlendsdóttir, deildarstjóri Lýsuhóls
 - X, grunnskólakennari (eftir að skipa)
 - Hermína K. Lárusdóttir, leikskólastjóri
 - Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri
 - Þorkatla Kristín Sumarliðadóttir, leikskólakennari
 - Valentina Kay, tónlistarskólastjóri
 - Gunnþór ráðgjafi
- Fórum yfir erindisbréf og tímalínu og verkefnið í heild sinni.
- Mikilvægt að geta skoðað vinnuskjal stýrihóps og setja þar inn hugmyndir eða vangaveltur sem koma upp í ferlinu. Einnig mikilvægt að fylgjast með fundarpunktum ef viðkomandi kemst ekki á fund.
- Festum fundi stýrihóps og sem Gunnþór boðar. Reiknum með öllum fundum á Teams og tökum frá 2 klst. Eftirfarandi fundir ákveðnar:
 - 29. janúar kl. 15-17
 - 12. febrúar kl. 15-17
 - 12. mars kl. 15-17
 - 9. apríl kl. 15-17
 - 30. apríl kl. 15-17
 - 21. maí kl. 15-17
- Verkefnið kynnt skólasamfélaginu. Mikilvægt að senda út frétt á heimasíðu sveitarfélagsins og segja frá verkefninu. Hér eru drög að texta sem Gunnþór klárar þegar fulltrúi grsk kennarar er klár. Fáum Hilmar til að gera frétt sem stjórnendur svo senda á starfsfólk og foreldra.
 -  Snæfellsbær 01/2026- Tilkynning um endurskoðun menntastefnu
- Ræddum gagnaöflun til að meta stöðu framgangs stefnunnar og kalla eftir áherslum nýrrar menntastefnu. Til dæmis:
 - Könnun fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa
 - Könnun fyrir foreldra
 - Samtal við nemendur
 - Íbúafundur/fundir og könnun í kjölfarið
 - Fyrirliggjandi gögn skólanna
 - Ræðum betur á næsta fundi.
- Næsti fundur 29. janúar kl. 15

Fundargerð – Ungmennaráð Snæfellsbæjar

Dagsetning: 26.nóv. 2025

Staðsetning: Röst Hellissandi

Fundargerð – Undirbúningur Snæfellsleikanna

Fundur haldnir:

- 22. október 2025 kl. 18:30
- 3. nóvember 2025
- 26. nóvember 2025 kl. 17:00

1. Fundur – 22. október 2025 kl. 18:30

Mæting: Arnar, Hanna, Hrefna og Kristján.

Ákveðið var að halda West Side–inspired íþróttamót í Ólafsvík. Samþykkt var að mótið beri heitið Snæfellsleikarnir. Rætt var um undirbúning mótsins, þar á meðal hljóðbúnað, verðlaun, kræsingar, sjoppu og starfsmannahald. Áætluð dagsetning móts er 6. desember 2025, með fyrirvara um breytingar. Mótið er ætlað nemendum í 7.–10. bekk. Samþykkt var að búa til auglýsingu fyrir skráningar, skipta þátttakendum í lið, ákveða íþróttgreinar og innleiða mætingastig.

2. Fundur – 3. nóvember 2025

Mæting: Arnar Valur, Hanna Líf, Hrefna, Emilía, Adrian og Kristján.

Emilía og Hanna sjá um tilboð á pizzum úr sjoppunni og drykkjum. Unnið verður áfram að liðaskiptingu. Ákveðið var að kaupa bikar og medalíur sem verðlaun. Samþykkt var að útbúa sérstakan playlist fyrir mótið. Rætt var um ráðstefnu 5. desember og lögð áhersla á góða mætingu.

3. Fundur – 26. nóvember 2025 kl. 17:00

Mæting: Arnar Valur, Hanna Líf, Hrefna, Emilía, Adrian og Kristján.

Hanna Líf og Hrefna mæta fyrir hönd hópsins á ráðstefnu 5. desember á Hilton Reykjavík. Snæfellsleikarnir hefjast kl. 15:00 þann 6. desember. Pizzutilboð og drykkir verða í boði. Lið verða uppfærð og leikir raðaðir. Finna þarf dómara. Arnar og Adrian verða stigaverðir og kynnar. Hanna og Hrefna sjá um vinninga og verðlaun. Hver leikur verður 8 mínútur með pásam, heildartími mótsins er áætlaður um 2 klst. Tryggja þarf bikar og önnur verðlaun, auk undirbúnings í íþróttahúsinu, þar á meðal stúku, hátalara og annan nauðsynlegan búnað.

Fundargerð rituð af:

Kristjáni Mar

Dagsetning: 26. Nóv. 2025

Fundargerð – Ráðstefna Ungmennaráða sveitarfélaga

Dagsetning: 5. desember 2025

Staður: Hilton Reykjavík Nordica

Fulltrúar ungmennaráðsins:

Hrafna Jónsdóttir og Hanna Líf Kristgeirsdóttir.

1. Almennar upplýsingar

Ráðstefna Ungmennaráða sveitarfélaga var haldin á Hilton Reykjavík Nordica þann 5. desember 2025. Þar komu saman fulltrúar ungmennaráða sveitarfélaga víðs vegar af landinu til að ræða málefni sem snerta ungt fólk, lýðræði og þátttöku ungmenna í ákvarðanatöku. Markmið ráðstefnunnar var að efla rödd ungmenna í sveitarstjórnarstarfi, miðla reynslu, kynna góðar starfsvenjur og skapa vettvang fyrir nýjar hugmyndir og samstarf milli ungmennaráða.

2. Dagskrá ráðstefnunnar

- 09:30–10:30 Sveitarfélög, Sambandið og ungmennaráð
- 09:30–09:45 Opnunarávarp – Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 09:45–10:00 Sveitarfélög og Sambandið – Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandinu
- 10:00–10:15 Fjármál sveitarfélaga – Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur Sambandsins
- 10:15–10:30 Ungmennaráð sveitarfélaga – Ingimar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Sambandinu
- 10:30–10:50 Kaffihlé
- 10:50–11:20 Kynningar á ungmennaráðum
- 10:50–11:00 Hafnarfjarðarbær – Verkefni Ungmennaráðs Hafnarfjarðar
- 11:00–11:10 Reykjanesbær – Barna- og ungmennaping: „Verum örugg“
- 11:10–11:20 Hrunamannahreppur – Innleiðing á barnvænu samfélagi
- 11:20–12:20 Umræður og vinnusmiðjur – Bestu starfsvenjur og reynsla ungmennaráða
- 12:20–13:00 Hádegismatur
- 13:00–14:30 Umræður og vinnusmiðjur (framhald)
- 13:00–13:30 Bestu starfsvenjur og reynsla ungmennaráða
- 13:30–14:30 Sveitarstjórnakosningar og mikilvæg málefni
- 14:30–14:45 Uppbrot
- 14:45–15:00 Kaffihlé
- 15:00–15:30 Tækifæri og verkefni
- 15:00–15:15 Styrkir og tækifæri fyrir ungmennaráð – Sérfræðingur frá Rannís
- 15:15–15:30 Barnvæn sveitarfélög – Sérfræðingur frá UNICEF
- 15:30–16:00 Framtíðin
- 15:30–15:45 Ígrundun og næstu skref – Ingimar Guðmundsson

- 15:45–16:00 Ráðstefnuslit

3. Þátttaka og niðurstöður

Fulltrúar ungmennaráðsins kynntust ungmönnum frá fjölmörgum sveitarfélögum, tóku virkan þátt í umræðum og vinnusmiðjum og lögðu sitt af mörkum í samtali um lýðræði, þátttöku ungmenna og framtíð ungmennaráða. Ráðstefnan veitti dýrmæta innsýn í fjölbreytt verkefni og starfsvenjur ungmennaráða víðs vegar um landið.

Ritari:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir

Fundargerð – Íþróttamót Ungmennaráðs Snæfellsbæjar

Dagsetning: 6. desember 2025

Staður: Íþróttahús Snæfellsbæjar

1. Almennar upplýsingar

Ungmennaráð Snæfellsbæjar stóð fyrir fjörugu og vel heppnuðu íþróttamóti í íþróttahúsi Snæfellsbæjar þann 6. desember 2025. Mótið var ætlað ungmennum í 8.–10. bekk og var þátttaka öllum að kostnaðarlausu. Markmið viðburðarins var að stuðla að virkni, samveru, heilbrigðum lífsstíl og jákvæðum samskiptum meðal ungmenna í sveitarfélaginu.

2. Framkvæmd viðburðar

Á mótinu var keppt í bandý og brennibolta, þar sem lögð var áhersla á skemmtun, samvinnu og þátttöku fremur en úrslit ein og sér. Þátttaka var mjög góð og ríkti jákvæð stemning í húsinu allan tímann. Ungmennisýndu mikinn áhuga, góða íþróttamennsku og virðingu hvert fyrir öðru, sem endurspeglar vel þau gildi sem Ungmennaráð Snæfellsbæjar leggur áherslu á í sínu starfi.

3. Veitingar og verðlaun

Á meðan mótinu stóð var boðið upp á pizzu fyrir þátttakendur, sem naut mikilla vinsælda og stuðlaði að góðri samveru milli leikja. Í lok mótsins fengu sigurvegarar verðlaun til viðurkenningar fyrir góða frammistöðu, samvinnu og jákvætt viðhorf.

4. Starfsmannahald og skipulag

Við framkvæmd mótsins störfuðu fulltrúar Ungmennaráðs og aðstoðarfólk sem sáu um skipulag, dómgæslu, utanumhald leikja, veitingar og almennt utanumhald viðburðarins. Þeir sem komu að vinnu við viðburðinn voru:

- Hanna Líf
- Hrefna
- Arnar Valur
- Emilía
- Adrian

5. Mat á viðburði

Íþróttamótið tókst afar vel og uppfyllti markmið sín um að efla félagslega þátttöku, hreyfingu og jákvætt félagsumhverfi fyrir ungmenni í Snæfellsbæ. Viðburðurinn styrkir stöðu Ungmennaráðs Snæfellsbæjar sem virks vettvangs fyrir ungmenni til þátttöku, lýðræðis og samfélagslegrar ábyrgðar.

Ritari:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir

Fundargerð – Ungmennaráð Snæfellsbæjar

Fundardagur: 28. janúar 2026

Tími: 17:00–19:00

Staðsetning: Röst, Hellissandi

Mættir:

- Arnar Valur
- Hrefna
- Hanna Líf
- Adrian

Forföll:

- Emelía
- Kristján Már

1. Fyrirlestrar og fræðsla

Fundurinn hófst á yfirferð um námskeið Sveitastjórnar skólans. Farið var yfir:

- Hvað Ungmennaráð er og hlutverk þess
- Hvernig sveitastjórn starfar
- Yfirlit yfir rekstur sveitarfélaga

Umræður sköpuðust um stjórnun sveitarfélaga og sýndu ráðsmeðlimir mikinn áhuga. Hópurinn telur sig vel undirbúinn fyrir umræðu við bæjarstjórn á sameiginlegum fundi 5. febrúar kl. 16:00.

2. Hugmyndir Ungmennaráðs

Eftirfarandi hugmyndir voru ræddar og skráðar:

- Minnisvarði um Ólaf belg
- Lagfæring á götuskiltum í Klifbraut
- Úti-æfingastöð
- Bílagrindverk við beygju á Klifbraut
- Ljósleiðari í Túnbrekkuna
- Ný rútuskýli í Rífi
- Sameining Sólarsports og sundlaugarinnar
- Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri
- Opið íþróttahús með frítímum (líkt og í Stykkishólmi)
- Frí skólarúta fyrir nemendur Snæfellsbæjar í FSN
- Hraðahindranir í Rífi
- Betri leiktæki á skólalóð í Hellissandi

3. Viðburðir – Páskabingó

Dagsetning: 15. mars kl. 14:00

Staðsetning: Klif, Ólafsvík

Markmið: Safna fjármagni til að skapa fleiri skemmtilega og uppbyggilega viðburði fyrir börn og ungmenni í Snæfellsbæ.

Verkþættir:

- **Bóka Klif:** Arnar Valur
- **Vinningar:** Allir leggja sitt af mörkum
- **Hugmyndir að vinningum:** Rætt inn í spjalli hópsins

4. Samantekt

Fundurinn var hnitmiðaður og árangursríkur. Mikil spenna ríkir fyrir fundinum með bæjarstjórn, þar sem Ungmennaráð mun kynna hugmyndir sínar og ræða málefni sem snerta ungt fólk í Snæfellsbæ.

Fundarritari:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir
(fjarverandi Kristjáns Mar ritari.)

152. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn laugardaginn 31.01. 2026, kl. 10.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

Í upphafi fundar bauð formaður Þórð Tryggva Stefánsson hafnarstjóra velkominn á sinn fyrsta hafnarstjórnarfund, en hann tekur formlega við sem hafnarstjóri þann 1. febrúar 2026.

1. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 478 dags. 03.12 2025 og nr. 479 dags. 19.01. 2026. Lagt fram til kynningar.
2. Eftirlitsblað fyrir hafnarvita í Snæfellsbæ. Þriðjudaginn 09.09. 2025, framkvæmdi Vegagerðin formlega skoðun á leiðarmerkjum og hafnarvitum í Snæfellsbæ í samræmi við lög nr. 132/1999, um vitamál. Hafnarstjóri fór yfir skýrsluna og helstu atriði hennar og sagði frá því að engar athugasemdir hafi verið gerðar. Lagt fram til kynningar.
3. Skýrsla um fjárfestingar hafna á Íslandi fyrir tímabilið 2025 – 2040, dags. 16.09. 2025. Skýrslan er unnin af Sjávarklasnum fyrir Hafnasamband Íslands. Hafnarstjóri kynnti efni skýrslunnar m.a. framkvæmdakostnað og fjárförf hafna á tímabilinu. Lagt fram til kynningar.
4. Tillaga að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2026 – 2030. Hafnarstjóri kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir í höfnum Snæfellsbæjar og við sjóvarnir í Snæfellsbæ sem eru í áætluninni á tímabilinu. Þar kemur fram að framkvæmdakostnaður hafnarframkvæmda er áætlaður kr. 1.721.0 m. og kr. 50.4 m. við sjóvarnaframkvæmdir. Lagt fram til kynningar.

Þar sem þetta er síðasti hafnarstjórnarfundur Björns Arnaldssonar hafnarstjóra, en hann lætur af störfum þann 1. febrúar 2026, þá þakkaði hann formanni hafnarstjórnar og hafnarstjórninni allri fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf.

Formaður hafnarstjórnar f.h. stjórnarinnar þakkaði hafnarstjóra fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.55

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

32. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 27. janúar 2026 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Þórður Tryggvi Stefánsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ævar Sveinsson og Baldvin Leifur Ívarsson. Matthías Páll og Vagn voru fjarverandi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Vinna við lengingu stálþils um 100.0 m. við Norðurbakka í Ólafsvík heldur áfram. Búið er að keyra út ca. 20.000 m³ af kjarna í fyrirstöðugarð, framkvæmdum við 100.0 m. þilskurð er lokið, búið að reka niður 51 stálþilspötu og ganga frá stögum og stagbitum. Þá er byrjað að grjótvörja fyrirstöðugarðinn.
- b) Búið er að dýpka 2.300 m² svæði í – 7.0 m. fyrir framan nýtt stálþil við Norðurbakka í Ólafsvík. Þá var einnig dýpkað á 3 stöðum innan hafnar.
- c) Búið er að skipta um alla bryggjupolla á Suðurþili í Ólafsvíkurhöfn. Framkvæmdum lokið.
- d) Búið er að skoða svæði annars vegar innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarífi og hins vegar við Hellisbraut á Hellissandi varðandi þörf á sjóvörnum. Þörf er á framkvæmdum á báðum stöðum og hefur verið óskað eftir því að þessar framkvæmdir verði settar inn á samgönguáætlun fyrir tímabilið 2026 – 2030.
- e) Búið er að yfirfara, gera við og mála upptökuspil við Arnarstapahöfn og er spilið tilbúið til notkunar.
- f) Unnið var að viðhaldsframkvæmdum að utan á skemmu hafnarsjóðs við Háarif í Rífi. Framkvæmdum var frestað vegna veðurs s.l. haust en verður framhaldið næsta vor.
- g) Búið er að gera við 4 bryggjustiga við Norðurkant í Rifshöfn.
- h) Búið er að yfirfara eftirlitsmyndavélar Rifshafnar og bæta við vélum.
- i) Búið er að endurnýja allan tölvubúnað hafnarsjóðs.
- j) Starfsmenn Vegagerðarinnar komu í september s.l. og gerðu úttekt á öllum innsiglingavitum, baujum og leiðamerkjum til hafna í Snæfellsbæ og var úttektin athugasemdaleus.
- k) Ljósamasturshús fyrir ofan Trébryggjuna við Gilbakka í Ólafsvík var tekið í gegn, bollað, múrað og sílanborið að utan. Næsta sumar verður skipt um hurð og húsið málað.
- l) Vatnsbrunnur við Trébryggjuna við Norðurtanga í Ólafsvík var hreinsaður og málaður að innan og skipt um ofna.
- m) Framkvæmdir við lengingu grjótvornar við veginn undir Ólafsvíkurenni verða boðnar út fyrir 15.02. n.k. Um er að ræða 400.0 m. langa grjótvörn þ.e. lengingu um 340.0 m. og endurbyggingu á núverandi grjótvörn um 60.0 m.

2) Ævar fór yfir punkta vegna Áhaldahússins:

- a) Unnið var við að festa niður körfuboltavelli. Festingar soðnar saman og þær boltaðar niður.
- b) Töluvert hefur verið um að vera í söltun og við hálkuvarnir.

AR
OK
SIC
PT5
JR

- c) Smíðaðar voru hlifar á nýju varmadæluna í sundlauginni.
- d) Gangstéttir gerðar klárar fyrir steypu.
- e) Jólaskrautið tekið niður og það þrifið. Lagað það sem var bilað og allt sett í geymslu.
- f) Ýmislegt annað sem fylgir þessum árstíma.

3) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Á Jaðri var löguð rennihurð fyrir fundarherbergið og önnur ýmis smáverk unnin.
- b) Löguð salernisaðstaða í Tónlistarskólanum í Ólafsvík.
- c) Í leikskólanum í Ólafsvík var lokið við þvottahúsið og settir upp skápar o.fl. Settur var upp segulloki á útihurð við viðbyggingu.
- d) Í leikskólanum á Hellissandi var m.a. skipt út ónýtum ljósum, ásamt fleiri verkefnum.
- e) Sett var upp varmadæla í Tónlistarskólann á Hellissandi.
- f) Í Ráðhúsinu var fundarsalur og hol málað, skipt um gólfefni og settur upp hljóðvistarveggur í fundarsalnum.
- g) Ný útihurð var sett á suðurhlidina á Félagsheimilinu á Klifi. Þar var líka settur nýr vír í sviðstjöldin.
- h) Í Röst var tengdur ofn á efri hæðinni og byrjuð er vinna við að lagfæra anddyrið. Jafnframt verður farið í að setja ofna baksviðs og í eldhús. Sú vinna mun fara fram í febrúar.

4) Vagn sendi neðangreint vegna grunnskólamannvirkja í tölvupósti.

- a) Hann lýsti ánægju sinni með að vinna er hafin við framkvæmdir við eldhús Grunnskólans í Ólafsvík.
- b) Hafin er forvinna að því hvað gera skuli á skólalóðum beggja skóla norðan heiðar.

5) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Undirbúningur er hafinn fyrir verkefni sumarsins.
 - i. Byrjað er að leita tilboða í leiktæki sem eru ætluð á leikskólalóðina í Ólafsvík ásamt tækjum á opin leiksvæði.
 - ii. Hönnun á eldhúsi Grunnskólans í Ólafsvík er langt komin og búið er að semja við flesta verktaka um aðkomu þeirra að verkinu og byrjað er að leita tilboða í efni til verksins.
 - iii. Búið er að kaupa nýja veltipönnu sem verður sett upp í eldhúsinu.
 - iv. Búið er að magntaka klæðningu utan á tónlistaskólann og bókasafnið og verður farið í að mæla þá glugga sem þarf að endurnýja í vikunni og í framhaldi fara þeir í pöntun.
 - v. Einnig verður farið í endurbætur á eldhúsi leikskólans í Ólafsvík.
 - vi. Verið er að vinna að undirbúningi að nýju saunahúsi í sundlaugargarðinum í Ólafsvík.
 - vii. Auk ofantalina verkefna eru fleiri verk sem eru í undirbúningi.
- b) Nýir gluggar sem búið er að kaupa verða settir í Pakkhúsið í Ólafsvík á vormánuðum. Búið er að fá verktaka í verkið.
- c) Verið er að vinna í að koma veiðarfærum og öðru rusli í vatnsverksmiðjugrunni í réttan farveg.
- d) Nýtt kerfi fyrir móttöku sorps verður komið í gagnið um mánaðarmótin.


- e) Hreinsitækni var kölluð til, til að hreinsa stíflaðan brunn við Munaðarhól. Notaðar voru gríðarlega öflugar græjur sem hreinsuðu allar lagnir að stofni og upp heimtaugar. Mikið magn af fitu var í lögnum. Bíllinn var jafnframt nýttur í önnur verkefni.
- f) Búið er að gefa út nýtt sorphirðudagatal fyrir 2026.
- g) Undanfarnar vikur og mánuði hafa verið haldnir fundir vegna Almyrkvans sem verður 12. ágúst n.k. Fundað hefur verið með starfsmönnum Þjóðgarðsins, lögreglunni, aðstandendum tónlistarhátíðar sem verður á Hellissandi, Vegagerðinni og fleiri aðilum.
- h) Tillaga að breyttu deiliskipulagi er í auglýsingu vegna stækkunar á byggingarreit þjónustuhúss Hótel Arnarstapa.
- i) Unnið er að hönnun á bættri aðkomu að Röstinni. Verkið felur í sér að setja upp ramp að framanverðu og steypar verða nýjar tröppur.
- j) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd opnum svæðum og framkvæmdum bæjarins, svo eitthvað sé nefnt.

6) Kristinn fór yfir nokkra punkta:

- a) Búið er að setja upp varmadælu í sundlaugina í Ólafsvík og verður hún tekin í notkun í næstu viku.
- b) Innleiðing á skipulagi verklegra framkvæmda 2026 gengur vel.
- c) Verið er að taka upp nýtt skjalastjórnunarkerfi og mun það verða tekið í notkun fljótlega.
- d) Kominn er af stað starfshópur til að gera þarfagreiningu á tækjakaupum fyrir slökkviliðið.
- e) Bæjarstjóri vildi nota tækifærið og þakkaði Birni kærlega fyrir samstarfið í framkvæmdateyminu, en þetta er síðasti fundur hans sem hafnarstjóra. Tóku aðrir fundarmenn undir það.
- f) Björn þakkaði öllum fyrir samstarfið á sínum síðasta framkvæmdateymisfundi.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. mars kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20



 Kristinn Þórhildur

 Þórunn Þorvaldsson

 Þórunn S. Stefánsdóttir

 Baldur L. Þorvaldsson

 Smari J. Lögveitsson

 Valgerður Kristmannsdóttir

 Ólafur Þorvaldsson

 Ágnes Ágnes

 Ólafur Þorvaldsson

239. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. desember 2025, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Karl Kristjánsson

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

1. Fundargerð 238. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 238. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 20. nóvember 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2026 - Örnefnaverkefnið

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun vinna áfram að örnefnaverkefni árið 2026. Fyrir liggur að klára örnefnaskráningu á Breiðafjarðarsvæði, sem hefur verið í vinnslu í mörg ár.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi samstarfsverkefnið og samþykkti að leggja 1,1 milljón króna til lokaverkhlyta örnefnaverkefnisins, sem verður unnið árið 2026.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í samband við samstarfsaðila til að ganga frá samstarfssamningi.

3. Búðanes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi – Jarðvegsvinna innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Sveitarfélagið Stykkishólmur framkvæmdi jarðvegsvinnu við Búðanes í Stykkishólmi nóvember 2024. Breiðafjarðarnefnd sendi Sveitarfélaginu Stykkishólmi fyrirspurn vegna verkefnis vorið 2025 og fékk svar frá sveitarfélaginu í október 2025.

Nefndin fól starfsmanni að undirbúa drög að svari á síðasta fundi.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi drög sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn og samþykkti svarið.

Ákveðið var að senda afrit til Náttúruverndarstofnunar.



4. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar á heimasíðu nefndarinnar undir flípanum útgáfu. Beinn hlekkur að skýrslunni er [hér](#). Nefndin hefur unnið áætlun í samvinnu við landeigendur um framgang verkefnis og er í samskiptum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að vinna verkefnið áfram.

Vorið 2025 gerði Breiðafjarðarnefnd samkomulag við fagaðila (Vatnaskil og COWI) um að kanna og greina þá undirbúningsvinnu sem þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka upplýsta ákvörðun um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

Fyrir liggur að skipuleggja fundi með landeigendum þar sem kynnt verða niðurstöður Vatnaskila og Cowi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkti næstu skref verkefnisins á fundinum og skipulagði fund með landeigendum, sem fyrirhugaður er í janúar 2026, þar sem frumniðurstöður Vatnaskila og COWI verða kynntar.

5. Fjármál

Fyrir liggur að klára fjármál árs 2025.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi stöðu fjármála á fundinum og gekk frá fjármálum ársins 2025.

6. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 15. janúar 2026, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.